

## Jón Prándur Stefánsson

---

**Frá:** Baldur Hrafn Björnsson <baldurhrafn@skagafjordur.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júlí 2024 13:27  
**Til:** Jón Prándur Stefánsson  
**Efni:** Byggðarráð Skagafjarðar - 107 : 2312020 - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Sælir

Það var mjög skýr og afgerandi afstaða sveitarstjórnarmanna um afgreiðslu tillögunnar og það er einlægur vilji að veita eingöngu undanþágu frá vinnsluskyldu á þeim tíma sem vinnslan er lokuð, þrátt fyrir að tímabilið eftir þann tíma sé stutt. Sjá bókun hér að neðan:

### 2312020 - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

*Smábátafélagið Drangey sendi byggðarráði erindi þann 18. júlí sl. vegna sérreglna við úthlutun byggðakvóta. Í erindinu fara forsvarsmenn Drangeyjar þess á leit við byggðarráð að sótt verði um undanþágu frá vinnsluskyldu í ljósi þess að vinnsla FISK Seafood er lokuð og vandkvæðum háð fyrir smábátasjómenn að landa mótframlagi við byggðakvóta undir þeim kringumstæðum.*

*Byggðarráð samþykkir samhljóða að veita undanþágu frá vinnsluskyldu byggðakvóta og mótframlags á meðan að vinnsla FISK Seafood er lokuð, til og með 18. ágúst 2024. Byggðarráð felur sviðsstjóra stjórnisýslu- og fjármálasviðs að senda inn breytingu á sérreglum þess efnis til ráðuneytis.*

Við viljum því koma á framfæri eftirfarandi breytingum á okkar sérreglum:

- a. Fyrirsögn 1. mgr. vegna Skagafjarðar (breyting á almennum skilyrðum, vinnsluskylda) breytist og verður: **Skagafjörður (breyting á almennum skilyrðum, löndunarskylda innan sveitarfélags, niðurfelling vinnsluskyldu á tímabilinu frá og með 31. júlí 2024 til og með 18. ágúst 2024).**
- b. Ákvæði d-liðar 1. mgr. vegna Skagafjarðar breytist og verður svohljóðandi:
  - d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. Undanþegið þeirri skyldu skal vera tímabilið frá og með 31. júlí 2024 til og með 18. ágúst 2024 þegar vinnsla innan sveitarfélags er lokuð.
- c. Tveir nýir liðir svohljóðandi bætast við:
  - e) Við ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist setningin „Þessi málsgrein á ekki við á tímabilinu frá og með 31. júlí 2024 til og með 18. ágúst 2024.“
  - f) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: „telst ekki hafa verið landað til vinnslu. Þó telst afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði á tímabilinu frá og með 31. júlí 2024 til og með 18. ágúst 2024 hafa verið landað til vinnslu.“

Getur þú komið þessu í auglýsingu?

Kær kveðja  
Baldur



**Skagafjörður**  
Baldur Hrafn Björnsson  
Sviðsstjóri stjórnisýslu- og fjármálasviðs  
455-6036

[baldurhrafn@skagafjordur.is](mailto:baldurhrafn@skagafjordur.is)

